

## 14.7 Áætlun gegn einelti

Einelti kallast það þegar nemandi er tekinn fyrir af einum eða fleirum með síendurtekinni stríðni, látbragði, niðrandi ummælum og sögusögnum, andlegri kúgun, hótunum af ýmsu tagi sem koma þolanda illa, líkamlegri misbeitingu, félagslegri höfnun, markvissri einangrun eða útskúfun.

Afleiðingar eineltis geta verið mjög alvarlegar. Barn sem lagt er í einelti verður hrætt, öryggislaust, einmana og tortryggið gangvart félögunum. Sjálfstraust þess minnkar, það einangrar sig og verður jafnvel veikt án sýnilegra sjúkdóma. Langvarandi einelti veldur streitu sem getur leitt til námsvandamála, neikvæðrar hegðunar, lystarleysis og þunglyndis.

Í Vogaskóla er unnið gegn einelti samkvæmt aðgerðaráætlun sem kennd er við Dan Olweus. Olweusaráætlunin er ekki tímabundið átaksverkefni heldur forvarnarverkefni sem er hluti af hefðbundnu skólstarfi og um leið samstarfsverkefni skóla og heimila.

Aðgerðaráætlun Olweusar er forvarnaráætlun sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir einelti og andfélagslega hegðun og skapa þannig skólabrag að einelti sé ekki liðið. Áætlunin fylgir ákveðnum megin reglum og miðar að því að auka vitund allra í umhverfi barnanna um einelti, bæta félagslegt umhverfi í skólanum og stuðla þannig að auknu öryggi.

Í skólanum starfar eineltisteymi og ákveðnar verklagsreglur gilda um meðferð eineltismála.

### Meðferð eineltismála

#### 1. Tilkynning

*Ábyrgð – allir starfsmenn skólans*

Vakni grunur um einelti skal gera umsjónarkennara nemandans (þolanda / geranda) grein fyrir málinu. Umsjónarkennari tilkynnir námsráðgjafa strax um málið. Umsjónarkennari upplýsir eineltisteymi skólans skriflega um málið.

#### 2. Upplýsingaöflun

*Ábyrgð – umsjónarkennari og námsráðgjafi*

Umsjónarkennari leitar eftir nánari upplýsingum sem víðast. Námsráðgjafi aðstoðar umsjónarkennara við upplýsingaöflun eftir þörfum.

Mögulegar leiðir við upplýsingaöflun:

- Rætt við allt starfsfólk sem kemur að hópnun.
- Rætt við foreldra og/eða bekkjarfulltrúa.
- Skoða nýlegar tengslakannanir eða leggja fyrir nýjar.
- Athugun í frímínútum.
- Athugun í kennslustundum.
- Viðtöl við einstaka nemendur.

Umsjónarkennari og námsráðgjafi taka saman niðurstöður upplýsingaöflunar og leggja fyrir á fundi með eineltisteyminu.

#### 3. Aðgerðir

*Ábyrgð – umsjónarkennari*

Niðurstöður upplýsingaöflunar segja til um þær aðgerðir sem gripið er til í framhaldinu. Meti umsjónarkennari í samráði við eineltisteymið að um einelti sé að ræða er aðgerðaáætlun sett í gang. Að slíkri aðgerðaáætlun geta komið ýmsir aðilar innan skólans s.s. námsráðgjafi, eineltisteymi skólans aðrir starfsmenn og stjórnendur. Umsjónarkennari upplýsir foreldra og starfsfólk um málið.

Mögulegar leiðir til að bregðast við einelti:

Formleg viðtöl við nemendur.

- Séu tekin formleg viðtöl við nemendur eru foreldrar/forráðamenn viðkomandi nemenda látnir vita af því.
- Stjórnendur aðstoða við formlegu viðtölin.

Vinna með nemendahópinn

- Uppröðun í stofu / svæðum breytt
- Kennari velur í sæti (mögulega allan veturinn)
- Lífsleikni og fleiri tímar teknir í hópefli.
- Bekkjarfundir – haldnir oft en venja er.

Samstarf við foreldra/forráðamenn.

- Upplýsingar sendar heim.
- Fundað með foreldrum.
- Heimaverkefni.

Einnig er hægt að leita til sérfræðinga á Þjónustumiðstöð hverfisins og til Fjölskyldumiðstöðvarinnar ([www.barnivanda.is](http://www.barnivanda.is)). Eineltismál geta verið af ýmsum toga og því verður hver aðgerðaáætlun að taka mið af eðli máls hverju sinni.

#### **4. Eftirfylgd**

*Ábyrgð – umsjónarkennari*

Mikilvægt er að umsjónarkennarar, bæði þolanda og gerenda, hafi reglulega samband við foreldra/forráðamenn og fái upplýsingar og upplýsi um stöðu mála. Þegar foreldrar þolanda hafa fullvissað skólann um að einelti gagnvart barni þeirra hafi stöðvast þá er málinu lokið